

Hvernig valdirðu sérgrein þína? Hvar lærðir þú og hvaða ráð viltu gefa ungum læknum?

Greining sjúkdóma í frumum og vefjum

Hvers vegna valdi ég meinafræði sem sérgrein eftir læknanámið? Ég útskrifaðist úr læknaeild Háskóla Íslands 1982 og við tók kandidateit á Landspítalanum, Reykjalundi, Landakoti og Patreksfirði. Ég velti mikið fyrir mér sérnámi og fann að mér líkaði helst við sérgreinar sem voru ekki of afmarkaðar og vildi fá að glíma við greiningu án þess að aðrir lækna væru búnir að vinna sjúkling upp. Þannig kæmi verkefnið sem einskonar gáta sem þyrfti að leysa. Eftir umhugsun voru það helst heimilislækningar og meinafræði. Ég hafði verið heppinn að fá sumarstarf 1980 á Rannsóknarstofu Háskólans (RH) í meinafræði og kynntist þá hvað þessi sérgrein lækisfræðinnar gekk út á. Þar var sannarlega verið að „leysa gátur“. Það sem réð úrslitum um val sérgreinar var auglýsing um ársstöðu „súperkandidateit“ á RH í meinafræði, þar sem viðkomandi fengi möguleika á að vinna vísindaverkefni. Ég var áhugasamur um vísindavinnu og ánægjuleg minning um sumarstarfið 1980 hafði mikið að segja. Ég sótti um og fékk stöðuna.

Ýmsar góðar fyrirmyndir voru í meinafræðinni, meðal annars prófessor Jónas Hallgrímsson sem leiddi stofnunina og Ólafur Bjarnason fyrirrennari Jónasar. Einnig varð mér góður samstarfsmaður og fyrirmynd Bjarki Magnússon meinafræðingur. Það reyndist mér mikilvægt hvað Jónas var hvetjandi í vísindum.


Eftir hált annað ár á RH í meinafræði lá leiðin í framhaldsnám erlendis. Fyrir milligöngu Bjarka fékk ég starf á

meinafræðideild Royal Marsden spítalans í London. Þetta er mjög sérhæfur krabbameinsspítali og ég sá fljótt að ég þyrfti að fara annað til að ná fjölbreytni meinafræðinnar. Því sótti ég um auglýst störf og eftir sex mánuði á Marsden fékk ég námsstöðu á St. Mary's spítalanum í London. Þar var mjög gott að vera og mikið að læra. Í London var ég frá 1985-1989.

Í framhaldi af dvölinni í London fékk ég eins árs „fellowship“ stöðu við Beth Israel sjúkrahúsið í Boston, sem er einn af Harvard spítölunum. Þar lagði ég stund á frumumeinafræði, en vann einnig umtalsverða vísindavinnu, sem leiddi til birtingar fimm vísindagreina.

Ég fékk síðan sérfræðingsstarf á RH í meinafræði (nú meinafræðideild Landspítalans), þar sem ég hef starfað síðan. Mér hefur alltaf líkað afskaplega vel við starfið og samstarfsfólkið. Ég hef náð að vinna mikla vísindavinnu í gegnum tíðina og haft mjög gaman af. Einnig hef ég kennt mikið og frá 1999 verið

Ég velti mikið fyrir mér sérnámi og fann að mér líkaði helst við sérgreinar sem voru ekki of afmarkaðar og vildi fá að glíma við greiningu án þess að aðrir lækna væru búnir að vinna sjúkling upp.



Jón Gunnlaugur Jónasson
yfirlæknir og prófessor

kennari í læknaeild, fyrst dósent og frá 2007 prófessor í meinafræði.

Varðandi það hvað ég vildi ráðleggja ungum læknum sem eiga eftir að velja sér sérgrein, þá vil ég segja: Hafið endilega meinafræðina í huga sem framtíðarstarf. Ég hef aldrei séð eftir því að hafa valið meinafræði og myndi gera það aftur ef ég væri nýútskrifaður. Greinin er afskaplega fjölbreytt og kemur inn á flest svið lækisfræðinnar. Við gegnum mjög mikilvægu hlutverki við að sinna sjúklingum, og sífellt mikilvægari í sniðlækningum sjúklinga. Vaktir eru ekki íþyngjandi og starfið hentar fjölskyldufólki. Sumt er akút, til dæmis frystiskurðir, en annars þurfa sýnin ekki að panta tíma hjá meinafræðingnum, hann vinnur þau á þeim tíma sem hann hefur til umráða. Loks býður greinin upp á mikla möguleika í kennslu og vísindavinnu. Hafi einhver fyrirvara gagnvart krufningum, sem ég tel ástæðulaust, þá er þessi hluti starfsins lítill og tilheyrir hér á landi að mestu réttarmeinafræðinni.

Í lokin vil ég nefna að meinafræðideild Landspítalans hefur heimild til að mennta tvö ár af sérnámi í meinafræði, en sérnámslækna þurfa síðan að fara að minnsta kosti þrjú ár til starfa erlendis.

Leiðin að réttu hillunni

Þegar ég var sex ára gömul ætlaði ég að verða mamma þegar ég yrði stór og eiga sextán börn! Ég vildi líka verða rútu-bílstjóri. Hvorugt rættist, börnin urðu einungis þrjú og starfsvalið gjörólíkt. Að stúdentsprófi loknu hóf ég nám í hjúkr-unarfræði við HÍ með þann draum um að verða ljósmóðir. Á öðru ári námsins kviknaði áhuginn á því að verða læknir. Ég sló til og haustið 2007 hóf ég nám í læknisfræði við Læknadeild HÍ. Ég vann meðfram námi á hjúkrunarheimilum, lyflækningasviði LSH og heilsugæslum. Þegar líða fór að útskrift þurfti að huga að sérnámsvali. Lyflækningar voru efstar á lista en heimilislækningar komu einnig til greina. Að kandidatsári loknu var ég enn óákveðin. Ég var þá hvött til að sækja um starf á meinafræðideild Landspítalans af Rebekku Guðrúnu Rúnarsdóttur, góðri vinkonu úr lækna-deildinni sem þá var sérnámslæknir þar.

Meinafræði? Það væri talsverð U-beygja frá fyrri áformum um klínískar læknisgreinar. Mér þótti sjúkdóma-fræðin áhugaverð og meinafræðikúrs-inn hafði verið skemmtilegur en smá-sjárskoðunin fannst mér reyndar lítið spennandi. Ég man hvað ég fagnaði því eftir verklega prófið að ég þyrfti aldrei aftur að skoða í smásjá. Lítið vissi ég þá.

Ég ákvað að sækja um, fékk starfið og fann fljótt að þarna átti ég heima. Vinnu-andinn var einstaklega góður og verkefnin skemmtileg og fjölbreytt. Margt nýtt þurfti að læra, enda starfið afar ólíkt klínískum læknisstörfum. Í upphafi var mikilvægt að ná góðri færni í úrskurði á vefjasýnum og síðar var meiri áhersla lögð á smásjárskoðun og gerð vefja-

fræðisvara. Krufningar þurfti líka að læra. Ég var sérnámslæknir á deildinni í þrjú og hálft ár en deildin hefur heimild til að mennta tvö ár af sérnámi í meina-fræði. Flutningar erlendis voru þannig óhjákvæmilegir.

Haustið 2019 flutti ég með minni fjöl-skyldu til Lundar í Svíþjóð. Ég hafði fengið stöðu við Skånes universitetssjuk-hus þar sem ég lauk sérnáminu á þremur árum, í Malmö og Lundi. Ég kom faglega vel undirbúin eftir árin á Íslandi sem auðveldaði töluvert aðlögun á nýjum vinnustað. Nýlega var búið að stafræna meinafræðina á Skáni. Smásjargler voru skönnuð inn og vefjasneiðar skoðaðar nær eingöngu á tölvuskjám. Þetta fannst mér algjör bylting. Sérnámið var vel skipulagt og öðlaðist ég mjög dýrmæta þekkingu og reynslu undir handleiðslu reyndra sérfræðinga. Samhliða námi-nu var ég þátttakandi í rannsóknnum á lungnakrabbameinum í Lundi sem enn eru að gefa af sér vísindagreinar.

Mér þótti sjúkdómafræðin áhugaverð og meinafræðikúrsinn hafði verið skemmtilegur en smásjárskoðunin fannst mér reyndar lítið spennandi. Ég man hvað ég fagnaði því eftir verklega prófið að ég þyrfti aldrei aftur að skoða í smásjá. Lítið vissi ég þá.



Gígja Erlingsdóttir
meinafræðingur

Að sérnámi loknu, haustið 2022, flutti ég rakleiðis til Íslands til að sameinast fjölskyldu minni sem hafði þegar snúið heim. Ég var lánsöm að mér bauðst sér-fræðingsstaða á Landspítalanum fljótt eftir heimkomu. Það var gott að hitta aftur gömlu og góðu samstarfsfélagana. Nú þurfti þó að venja sig aftur við smásjána þar sem við höfum ekki enn stafrænt starfsemina hér á landi.

Meinafræði er mörgum framandi fag og þarf ég gjarnan að útskýra fyrir fólki hvað starfið felur í sér. Vinnudagurinn fer að mestu í að setja hinar ýmsu vefja-greiningar eftir skoðun á vefjasýnum. Allt frá algengum góðkynja sjúkdómum, svo sem botnlangabólgu, yfir í ólík ill-kynja mein og sjaldgæfa sjúkdóma. Við vinnum svolítið á bakvið tjöldin í heil-brigðisþjónustunni og það hentar mér vel. Við eigum gott samstarf við klíníska lækna sem gefur okkur innsýn í sjúk-dómsgang og meðferðir sjúklinganna. Ég finn til mikillar ábyrgðar í þessu starfi þar sem sjúkdómsgreiningar sem við setjum hafa áhrif á hvaða meðferð sjúklingarnir hljóta. Mig langar að hvetja unga lækna sem eru óákveðnir og eiga eftir að finna sína hillu til að muna eftir meinafræði sem möguleika. Ég er þakk-lát fyrir það val alla daga og hef aldrei séð eftir því.